

Því dæmist rétt vera:

Ef áfryiandinn Kristín Jónsdóttir eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að hún og stefndi Gísli Þorbjarnarson hafi samið um 40 kr. leigu á mánuði eftir húsið nr. 6 við Laugaveg, þá á hún að vera sýkn af kröfum stefnda í máli þessu og fellur þá málskostnaður niður. En vinni hún ekki eiðinn, skal hún greiða stefnda 140 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 15 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 2. nóvembermánaðar.

Nr. 45/1908:

Réttvísinn

gegn

Benjamín Guðmundssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Reykjavíkur kaupstaðar, uppkveðnum 5. sept. þ. á., var hinn ákærði, húsmáður Benjamín Guðmundsson, dæmdur fyrir skjalafals og þjófnað til að sæta 1 árs betrunarhússvinnu, til að greiða Brydesverzlun í Reykjavík 80 kr. 14 a. í skaðabætur,

og til að greiða allan sakarkostnaðinn. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins eftir beiðni ákærða.

Það er sannað með skýrslu ákærða sjálfs, sem kemur heim við önnur gögn í málinu, að hann hafi gjörst sekur í skjalafalsi með atvikum þeim, er nú skal greina. Hann var í vor og sumar stöku sinnum í vinnu við Brydesverzlun hér í bæ og sá hann þá hjá utanbúðarmanninum ávísunarbók með prentuðum ávísunareyðublöðum, sem utanbúðarmaðurinn útfylti handa þeim, sem áttu að fá úttekt í búðinni í vörum eða peningum. Ákærði sætti færi, er hann eitt sinn var í vinnu við verzlunina og reif nokkur blöð (eyðublöð) leynilega úr bókinni. Nokkur af eyðublöðum þessum notaði hann síðan á þann hátt, að hann skrifaði í þau með blýanti og fyllti þau þannig út, setti upphæðir og nöfn af handahófi og skrifaði stafina A. A. undir þau, en það eru upphafsstafirnar í nafni utanbúðarmannsins, sem hann (utanbúðarmaðurinn) var vanur að setja undir ávísanirnar, er hann gaf þær út. Ákærði sýndi síðan þessar fólstuðu ávísanir í búð verzlunarinnar, sína í hvert skifti, og fekk þannig út á 3 ávísanir 28 kr. 50 a., 25 kr. 84 a. og 25 kr. 80 a., eða samtals 80 kr. 14 a.; en er hann sýndi 4. ávísunina, að upphæð 18 kr. 50 a., var honum neitað um greiðslu og var ávísunin tekið af honum; varð þá uppvíst þetta athæfi hans Ákærði eyddi í sínar þarfir nefndri upphæð, 80 kr. 14 a., og hefir Brydesverzlun heimtað sér hana endurgoldna.

Þá hefir ákærði kannast við það, að hann hafi í júlímánuði í sumar, er hann var við uppskipun við Hafnarbryggjuna hér í bæ, stolið leðurveski, er í voru 3 umslög með tilfæringum til lax- og silungsveiða, en

veski þetta datt úr pakka, er var á flutningsvagni, er ákærði ytti á eftir. Veskið fanst í vörzlum ákærða, og hefir því verið skilað réttum hlutaðeiganda; það hefir verið virt á 12 kr.

Framangreind afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefir áður verið dæmdur eða sætt refsingu fyrir neinn glæp, eru af undirdómaranum réttilega heimfærð undir 270: gr. og 230. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin með hliðsjón af 63. gr. hegningarlaganna 14 mánaða betrunarhússvinnu. Með því að ákvæði aukaréttardómsins um iðgjöld og málskostnað samþykkjast, verður að staðfesta greindan dóm með áminstri breytingu á refsingarákvæðinu. Ákærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. fyrir hvorn þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærða Benjamín Guðmundssyni skal refsað með 14 — fjórtán — mánaða betrunarhússvinnu; að öðru leyti skal aukaréttardómurinn vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutn-

ingsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Lögjöldin greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Nr. 20/1908:

Björn Sigurðsson
 gegn
 Jóni Ólafssyni.

D ó m u r:

Áfryjandinn Björn Sigurðsson bóndi á Litlu-Giljá lögsótti fyrir aukarétti Húnavatnssýslu hinn stefnda, Jón bónda Ólafsson á Sveinsstöðum fyrir brot á lögheimil-uðum forkaupsrétti að hálfendu jarðarinnar Litlu-Giljár, er stefndi seldi öðrum manni vorið 1907, og var málið dæmt í nefndum rétti 2. desbr. f. á. þannig, að stefndi var sýkn dæmdur af kærur og kröfum áfryjanda og áfryjandi skyldaður til að greiða honum í málskostnað 20 krónur.

Þessum dómi hefir áfryjandiinn skotið til yfirdóms-ins með stefnu dags 6. maí þ. á. og krafist þess, fyrst og fremst, að málinu verði heimvísað til löglegrar með-ferðar og sett í það ástand, er það var í 25. okt. f. á. og áfryjanda dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi, en til vara að kaupgjörningur frá 3. apríl 1907 um sölu hálfendunnar Litlu-Giljár verði ógildur metinn og að áfryjandi öðlist rétt til að ganga inn í kaupin með sömu kjörum og selt hafi verið, að honum verði dæmdar